


✉ Re: Ósk um umsögn, Ásgarður, Kerlingafjöll deiliskipulag - 2110077 -

Búið til	20.4.2022 15:39:35
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	20.4.2022 15:39:35
Tilheyrir	 202203-0025 - Ásgarður, Kerlingafjöll deiliskipulag - ósk um umsókn.

Efni

Re: Ósk um umsögn, Ásgarður, Kerlingafjöll deiliskipulag - 2110077 -

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	20.4.2022 15:39:35	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	stella@utu.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202203-0025 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Uppsveita bs., dags. 10. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagsáætlun um lóð Ásgarðs í Kerlingafjöllum í Hrunamannahreppi. Markmið deiliskipulagsins er að sníða ramma utan um ferðabjónustu Fannborgar í Kerlingarfjöllum.

Náttúrufræðistofnun Íslands veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna vinnu deiliskipulagsins þann 30. desember 2021. Umsögnin var sameiginleg umsögn til Skipulagsstofnunar um tilkynningu um matsskyldu vegna uppbyggingu ferðabjónustu í Ásgarði. Í þeirri umsögn komu fram athugasemdir sem vísað verður í hér í þessari umsögn um deiliskipulagið eins og við á.

Í umsögninni um skipulags- og matslýsinguna og tilkynningu til matsskyldu taldi Náttúrufræðistofnun að þær breytingar sem hefðu orðið á áformum um uppbyggingu miðað við fyrri hugmyndir væru mjög til bóta. Einkum að fallið hefði verið frá hugmyndum um mjög mikla aukningu á fjölda gistirýma og uppbyggingu samkvæmt því. Einnig að byggingarreitir hefðu verið færðir til þannig að þeir væru að töluverðum hluta staðsettir á röskuðum svæðum. Þar með yrði votlendi hlífir að mestu leyti sem og jarðminjum. Færslur á vegakerfi voru einnig metnar jákvæðar þar sem bílaumferð er beint frá bökkum Ásgarðsár. Þó er gert ráð fyrir vegslóða að tjaldstæði sem mun liggja í gegnum óraskað votlendi. Mælt var með því að skoðuð yrðu tækifæri til endurheimtar gróðurfars á svæðum þar sem vegslóðar verða lagðir niður. Áætluð nýbygging er minni en upphaflega stóð til og stefnt að því að hún falli inn í landslagið og breytingar á öðrum byggingum í takt við hæð núverandi bygginga.

Útfærsla á þessum viðfangsefnum er kynnt í deiliskipulagstillögunni. Byggingarreitir hafa verið færðir til. Stærsta nýbyggingin verður á reit K sem liggur neðan við aðkomuvegin og í halla. Heimilt er að byggingin sé þrjár hæðir sem er nokkuð stærra en núverandi byggingar, en vegna legu ætti byggingin ekki að rísa hærra í landinu en tveggja hæða byggingar ofan vegar. Smáhýsin Nípurnar verða færð niður á uppbyggingarreit við tjaldstæðið og mögulega minna sýnileg úr fjarlægð.

Stefnt var að því að leggja niður vegslóða meðfram Ásgarðsá en nú verður hann ætlaður akstri fyrir einstaka notendur svæðisins og lokaður almennri umferð. Með því verður erfiðara að endurheimta gróðurfar sem raskast hefur vegna aksturs líkt og fjallað var um í skipulagslýsingunni. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að horfa til þess að loka vegslóðum alveg nota aðrar leiðir við að koma aðföngum á gististaði fjær vegum. Þá eru bílastæði mörg og dreifð um svæðið. Ásýndaráhrif af bílastæðum og bílum sem þau nota eru mikil og draga ætti úr fjölda bílastæða eins og hægt er. Mikilvægt skref er þó stigið með því að stýra betur hvar bílar eru lagðir miðað við ástandið eins og það er í dag.

Frárennsli úr nýjum heitum pottum verður leitt í tilbúið votlendissvæði þar sem það er kælt og hreinsað. Ekki er útskýrt hvernig sú hreinsun verður en mikilvægt að áhrif frá þessu á gróðurfar og Ásgarðsá verði sem allra minnst.

Jákvætt er að fjallað sé um áform um landgræðslu á svæðum sem orðið hafa verið fyrir raski og að notast verði við staðarefni.

Eins og fram kom í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulags- og matslýsinguna er líklegt að yfirbragð og eðli ferðarþjónustu og upplifunar gesta muni taka breytingum á sambærilegan hátt og gert var ráð fyrir varðandi valkost 2 í fyrri tillögu. Þó það sé ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar að leggja mat á hvort slíkt sé skynsamlegt eða feli í sér stefnubreytingu miðað við skipulag svæðisins er mikilvægt að velja þeirri grundvallarspurningu upp hvort uppbygging af þessum toga sé æskileg á hálendi Íslands, sérstaklega innan friðlýstra svæða. Ef vel tekst til er mögulegt að ekki þurfi að óttast slíka uppbyggingu. Hins vegar er það lyklatríði að tekið sé tillit til þeirra skilmála sem friðlýsingin felur í sér og einnig að ákvarðanataka um uppbyggingu ferðarþjónustu á svæðinu sé aðlöguð að því markmiði friðlýsingar að tryggja verndarstöðu náttúruinja og landslags á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "sigrun@hsl.is" <sigrun@hsl.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>
CC:
Subject: Ósk um umsögn, Ásgarður, Kerlingarfjöll deiliskipulag - 2110077 -
Date: 10.3.2022 11:15:10

Sæl verið þið

Óskum eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi deiliskipulagsáætlun sem tekur til lóðar Ásgarðs í Kerlingarfjöllum í Hrunamannahrepp.

Meginmarkmið nýs deiliskipulags er að sníða ramma utan um ferðabjónustu Fannborgar í Kerlingarfjöllum og tryggja þróun hennar til framtíðar í sátt við einstaka náttúru. Markmiðin eru þau sömu og markmið gildandi deiliskipulags en útfærð nánar fyrir svæði Fannborgar. Í þeim felst að bæta þjónustu við ferðamenn og auðvela þeim sem sækja svæðið að njóta útivistar og náttúrufars án þess að valda röskun eða tjóni á lífríki svæðisins. Að hugað verði sérstaklega að gönguleiðum innan svæðisins og þær tengdar við leiðir sem liggja fyrir utan skipulagsmörkin. Að bæta gístiaðstöðu og bjóða fjölbreytta gistingu til að koma til móts við ólíkar óskir ferðalanga. Að nýta og gera heilsteyptara það svæði sem þegar hefur verið tekið til ráðstöfunar.

Tillagan er auglýst frá 9. mars til 21. apríl 2022.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (mailto:stella@utu.is)

Vefsíða: www.utu.is (http://www.sbf.is/)

Viðhengi

image001.png (5 KB)

